




Skýrsla verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu 22. maí 2015

Verkefnahópurinn:

Guðrún Ragnarsdóttir, verkefnisstjóri

Erla Björg Guðmundsdóttir, Kvasir

Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

Halldór Grönvold, ASÍ

Karl Rúnar Þórsson, BSRB

Óli Halldórsson, Kvasir

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneytið

Efnisyfirlit

1. Samantekt.....	3
2. Aðgerðaráætlun til fimm ára	5
3. Inngangur.....	9
4. Skipulag framhaldsfræðslu	10
5. Grunnþjónusta framhaldsfræðslunnar	16
5.1 Náms- og starfsráðgjöf	16
5.2 Vottaðar námsleiðir.....	18
5.3 Raunfærnimat.....	20
6. Lagaumgjörð framhaldsfræðslu.....	22
7. Fjármagnspörf.....	23
7.1 Fjármagn til framhaldsfræðslu	23
7.2 Fjöldi aðila sem sinnir framhaldsfræðslu	25
8. Gæðamál.....	26
8.1 Viðurkenning og gæðavottun fræðsluaðila.....	26
8.2 Vottun námskráa	27
9. Aldursmörk framhaldsfræðslunnar	28
10. Aðalnámskrá framhaldsfræðslu.....	33
11. Lokaorð	35
12. Heimildir	36
13. Viðaukar.....	37

1. Samantekt

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði verkefnahóp um fullorðins- og framhaldsfræðslu 22. janúar 2015. Samkvæmt skipunarbréfi var viðfangsefni verkefnahópsins að móta tillögur að úrbótum og breytingum á námsframboði fyrir fullorðna sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla. Meginniðurstaða verkefnahópsins er að framhaldsfræðslukerfið byggi á traustum grunni og vinni almennt vel að þeim markmiðum sem því hefur verið sett. Því standi ekki efni til þess að gera stórvægilegar breytingar á kerfinu. Ef horft er til þess að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25–64 ára sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun fari úr 30% í 10% fyrir 2020¹ er hins vegar langt í land. Tryggja þarf meira fjármagn til framhaldsfræðslunnar en nú er úthlutað til hennar og efla enn frekar þróun og stuðning innan kerfisins.

Framhaldsfræðslukerfið hvílir á þremur mikilvægum stoðum, þ.e. :

1. Fræðslusjóði
2. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
3. Símenntunarmiðstöðvum og fleiri fræðsluaðilum

Framhaldsfræðslan er samvinnuverkefni stjórnvalda og samtaka launafólks og atvinnurekenda, byggt á grunni vinnu aðila vinnumarkaðarins áður en lög um framhaldsfræðslu voru sett árið 2010. Fræðslusjóður úthlutar fjármunum til fræðsluaðila í samræmi við skilmála sjóðsins, sem samþykktir eru af mennta- og menningarmálaráðherra. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur náið með Fræðslusjóði og fræðsluaðilum við að reka og þróa framhaldsfræðslukerfið. Lagt er til að áfram verði byggt á samstarfi framangreindra aðila.

Framhaldsfræðslukerfinu er ætlað að bjóða þeim sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi tækifæri til náms. Það verkefni er á ábyrgð atvinnulífsins alls og stjórnvalda. Sérstaklega er horft til verk- og starfsnáms sem byggir á hæfnikröfum starfa. Til að sinna meginhlutverki kerfisins hafa eftirfarandi þrjú verkfæri verið smíðuð:

1. Náms- og starfsráðgjöf, sem er anddyrið að raunfærnimati og vottuðum námsleiðum. Þróun öflugs stuðnings fyrir náms- og starfsráðgjöf í framhaldsfræðslu er forsenda þess að kerfið virki. Lagt er til að m.a. verði byggt á þeim grunni sem lagður hefur verið með vefnum *Næsta skref*² og rekstur hans tryggður.
2. Raunfærnimat, sem reynst hefur öflugt verkfæri. Lagt er til að raunfærnimat verði þróað markvisst fyrir sem flest störf í helstu starfsgreinum og gerð um það áætlun sem fylgt verði. Tryggja þarf nægt fjármagn til þess.
3. Vottaðar námsleiðir í framhaldsfræðslu. Þeim hefur fjölgað á undanförunum árum en mikilvægt er að þróa áfram fjölbreytt nám í samstarfi við atvinnulífið.

Ákveðin hættu er á því að grunnstoðir framhaldsfræðslukerfisins veikist verulega ef fjármunir þess dreifast um of. Verkefnahópurinn telur því mikilvægt að breytingar sem gætu hugsanlega orðið á skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs tryggi áfram þá grunnþjónustu sem þarf að vera í boði hjá fræðsluaðilum, má þar sérstaklega nefna náms- og starfsráðgjöf.

Framhaldsfræðslukerfið þarf að geta vaxið og dafnað þannig að það styðji markmið um aukna menntun og hærra menntunarstig. Mikilvægt er að auka samstarf og samræmingu þar sem það á við

¹ <http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/samfelagsmarkmid/>

² <http://naestaskref.is/frontend/heim.aspx>

milli framhaldsskóla og framhaldsfræðslunnar, einkum mat á námi milli kerfa. Mikil samlegð getur falist í samstarfi við verkmenntaskóla sem búa yfir mikilvægri þekkingu, tækjum og tólum sem nauðsynleg eru til að bjóða fullorðnum nemendum öflugt og gott verk- og starfsnám og framhaldsfræðslunni með ráðgjöf, mat á raunfærni og nálgun sem byggir á kennslufræði við hæfi fullorðinna

Verkefnahópurinn telur að ekki sé brýn nauðsyn til að endurskoða löggjöf um framhaldsfræðslu að svo stöddu. Hins vegar eru ýmsir þættir sem þarf að skerpa á til að tryggja samræmi milli lagaumgjörðar og framkvæmdar. Einnig eru nokkur atriði sem hópurinn dregur sérstaklega fram sem þyrfti að skoða þegar lögin verða endurskoðuð.

Tillögur verkefnahópsins að úrbótum:

Vottun og viðurkenning: Gæði náms skipta miklu máli fyrir alla nemendur. Gæðamál í framhaldsfræðslu eru annars vegar *vottun og viðurkenning fræðsluaðila* og hins vegar *vottun námskráa*. Lagt er til að vottun og viðurkenning fræðsluaðila verði samþætt og í höndum eins aðila. Mikilvægt er að sem fyrst liggi fyrir hvernig ferlið við vottun námskráa verður skipulagt og það tengt við hæfniramma um íslenskt menntakerfi. Tillaga verkefnahópsins um gerð *aðalnámskrár fyrir framhaldsfræðslu* gæti leyst tiltekinn vanda á þessu sviði.

Aldursviðmið: Verkefnahópurinn telur mikilvægt að allir fullorðnir einstaklingar á vinnumarkaði, án menntunar á framhaldsskólastigi, geti nýtt sér þjónustu framhaldsfræðslunnar. Því er þörf á að lækka aldursviðmið nemenda í framhaldsfræðslu þannig að frá 18 ára aldri eigi allir kost á að afla sér menntunar innan hennar. Reynsla er komin á fimmtu stoð menntakerfisins, framhaldsfræðsluna. Nú þegar ljóst er hvernig hún og framhaldsskólinn tengjast eða geta tengst þurfa mörk sem sett eru að vera á skýrum forsendum reynslu og þekkingar frekar en lífaldurs. Markmiðið ætti að vera að allir sem sýna vilja til að ljúka námi á framhaldsskólastigi eigi aðgang að úrræðum menntakerfisins sem henta þeim best.

Aðalnámskrá: Verkefnahópurinn leggur til að samin verði aðalnámskrá fyrir framhaldsfræðsluna þar sem m.a. verði mörkuð skýr stefna fyrir framhaldsfræðsluna, skýr stefna um mat á námi milli kerfa og skilgreind helstu hugtök til samræmis við önnur skólastig. Einnig er lagt til að komið verði upp samræmdu skráningarkerfi í miðlægan grunn á sama hátt og gert er í framhaldsskólum.

Aðgerðaáætlun og fjármögnun: Til að tryggja framgang ofangreindra tillagna leggur verkefnahópurinn fram aðgerðaáætlun til næstu fimm ára (sjá kafla 2). Markmið aðgerðaráætlunarinnar eru eftirfarandi:

1. Þróa áfram grunnþjónustuþætti framhaldsfræðslunnar þannig að þeir svari þörfum markhópsins og atvinnulífsins.
2. Koma á samþættu og skilvirku ferli við viðurkenningu og gæðavottun framhaldsfræðsluaðila.
3. Framhaldsfræðslan miðist við þarfir fullorðinna einstaklinga á vinnumarkaði en ekki við ákveðinn aldur.
4. Samin verði aðalnámskrá fyrir framhaldsfræðsluna til samræmis við aðrarstoðir menntakerfisins.

Heildarfjármagnspörf til að ná þessum markmiðum fram er rúmlega fimm milljarðar króna. næstu fimm árin, til viðbótar við það fjármagn sem stjórnvöld úthluta nú þegar í framhaldsfræðsluna.

2. Aðgerðaráætlun til fimm ára

Lagt er til að tekin verði markviss og afgerandi skref í þá átt að ná 2020 markmiðunum um að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25–64 ára sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun fari úr 30% í 10%. Til að svo megi verða þarf að tryggja umtalsvert meira fjármagn til framhaldsfræðslunnar en nú er gert. Enn fremur þarf að efla frekar þróun og stuðning innan framhaldsfræðslukerfisins.

Í ljósi framanritaðs leggur verkefnahópurinn til að á næstu fimm árum verði unnið að eftirfarandi verkefnum innan framhaldsfræðslunnar og þau fjármögnuð:

Markmið 1

Þróa áfram grunnþjónustubætti framhaldsfræðslunnar þannig að þeir svari þörfum markhópsins og atvinnulífsins.

	<i>Aðgerðir</i>	Upphafs-tími	Ábyrgð³	Samstarf	Tíma-lengd	Áætlaður kostnaður⁴
1a)	Tryggja stöðuga og öfluga náms- og starfsráðgjöf fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar.	Haust 2015	MRN	MRN, Fræ, FA og fræðsluaðilar	5 ár	160 m. á ári til viðbótar núverandi framlagi
1b)	Ljúka þróun upplýsinga- og ráðgjafarvefjarins <i>Næsta skref</i> og tryggja rekstur hans til framtíðar.	Haust 2015	FA	FA, atvinnulífið, fræðsluaðilar og fagaðilar.	5 ár	25,6 m. á ári
1c)	Vottaðar námsleiðir verði þróaðar og þeim fjölgað þannig að þær svari betur þörfum markhópsins og atvinnulífsins.	Haust 2015	FA/MR N	MRN, Fræ, FA og fræðsluaðilar	5 ár	512 m. á ári til viðbótar núverandi framlagi
1d)	Unnið verði að því að efla raunfærnimatið með sérstakri áherslu á að fjölga möguleikum á raunfærnimati á mótí viðmiðunum í atvinnulífinu og tryggja aðgengi markhópsins að raunfærnimati.	Haust 2015	FA	MRN, Fræ, FA og fræðsluaðilar	5 ár	377 m. á ári til viðbótar núverandi framlagi
1e)	Endurskoða forsendur fastra framlaga til fræðsluaðila til að tryggja grunnstarfsemi þeirra. Enn fremur þarf að aðgreina betur framlag til framhaldsfræðslu frá öðrum verkefnum í fjárlögum.	Haust 2015	MRN	MRN og fræðsluaðilar	3 mán.	

³ Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MRN), Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) og Fræðslusjóður (Fræ).

⁴ Nákvæmari útlitun á áætlun einstakra liða er að finna í viðauka B.

Markmið 2

Koma á samþættu og skilvirku ferli við viðurkenningu og gæðavottun framhaldsfræðsluaðila.

	<i>Aðgerðir</i>	Upphafstími	Ábyrgð	Samstarf	Tímalengd	Áætlaður kostnaður
2a)	Samræma viðurkenningar og vottun fræðsluaðila í eitt ferli þar sem fræðsluaðilar geta byrjað á því að sækja um vottun á gæðakerfinu og síðan viðurkenningu.	Haust 2015	MRN	MRN, FA og fræðsluaðilar	½ ár	Vinnuframlag frá samstarfsaðilum og tilfallandi ferðakostn.
2b)	Einn og sami aðili viðurkennir og vottar fræðsluaðila skv. þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.	Janúar 2016	MRN	MRN, FA og fræðsluaðilar	3 mán.	Vinnuframlag frá samstarfsaðilum og tilfallandi ferðakostn.
2c)	Vottun fræðsluaðila verði útvíkkuð þannig að hún nái einnig til raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar.	Haust 2015	MRN	MRN, FA og fræðsluaðilar	½ ár	Vinnuframlag frá samstarfsaðilum og tilfallandi ferðakostn.

Markmið 3

Framhaldsfræðslan miðist við þarfir fullorðna einstaklinga á vinnumarkaði en ekki við ákveðinn aldur.

	Aðgerðir	Upphafs- tími	Ábyrgð	Samstarf	Tíma- lengd	Áætlaður kostnaður
3a)	Aldursmörk framhaldsfræðslunnar verði skilgreind frá 18 ára og eldri, þ.e. fyrir fullorðna einstaklinga sem hafa verið á vinnumarkaði.	Haust 2015	MRN	Framhalds-skólar og framhalds-fræðslan		
3b)	Skýra betur stöðu nemenda markhóps framhaldsfræðslunnar varðandi aðgang að framhaldsskólum þar sem aðstaða og fé er til staðar (sjá nánar kafla 7 og 8).	Vor 2015	MRN			
3c)	Aldursmörk einstakra námskráa (námsleiða) verði afnumin og í staðinn verði fjallað um aldursmörk í aðalnámskrá framhalds-fræðslunnar.	Haust 2015	MRN			
3d)	Úttekt verði gerð á því hvernig núverandi bóknámsleiðir hafa nýst markhópi framhalds-fræðslunnar, þ.e. þeim sem hafa haft hug á því að sækja nám á háskólastigi. Í framhaldi af því verði metið hvort skrifa eigi nýja námskrá-/námsleið innan framhaldsfræðslunnar (Menntastoðir II) svo hægt sé að mæta þörfum þeirra einstaklinga sem ekki henta önnur úrræði til aðfaranáms að háskóla en staðbundið nám.	Haust 2015	MRN	MRN og FA		
3e)	Almennt verði aðgengi að raunfærnimati miðað við a.m.k. þriggja ára starfsreynslu í viðkomandi starfsgrein.	Haust 2015	MRN			
3f)	Unnið verði að því að gera aðfaranám til háskóla raunhæfan kost fjárhagslega, fyrir nemendur sem kjósa þá leið. Áfram verði mögulegt að sækja um námslán til framfærslu en skólagjöld verði sambærileg við skráningargjald Háskóla Íslands eða lægri.	Haust 2015	MRN			

Markmið 4**Samin verði aðalnámskrá fyrir framhaldsfræðsluna til samræmis aðrar menntastöðir.**

	Aðgerðir	Upphafs- tími	Ábyrgð	Samstarf	Tíma- lengd	Áætlaður kostnaður
4a)	Stofna vinnuhóp með það að markmiði að semja aðalnámskrá framhaldsfræðslu.	Haust 2015	MRN	MRN, Námsmats -stofnun og hagaðilar framhalds- fræðslu	1 ár	Vinnuframlag frá samstarfsaðilum og tilfallandi ferðakostnaður.
4b)	Skilgreina hugtökin <i>námskrá</i> , <i>námsbraut</i> og <i>námslýsing</i> og samræma við þá merkingu sem lögð er í hugtökin á öðrum skólastigum.	Haust 2015	MRN	Vinnu- hópurinn í 4a)	1 ár	Vinnuframlag frá samstarfsaðilum og tilfallandi ferðakostnaður.
4c)	Marka skýra stefnu um mat á námi milli kerfa og koma upp samræmdu skráningarkerfi í miðlægan grunn á sama hátt og gert er í framhaldsskólum.	Haust 2015	MRN	Vinnu- hópurinn í 4a)	1 ár	Vinnuframlag frá samstarfsaðilum og tilfallandi ferðakostnaður ásamt kostnaði við skráningar- kerfið.
4d)	Skilgreind verði ákveðin námslok í framhaldsfræðslunni þar sem það á við.	Haust 2015	MRN	MRN, Námsmats _stofnun og hagaðilar framhalds- fræðslu	1 ár	Vinnuframlag frá samstarfsaðilum og tilfallandi ferðakostnaður.

3. Inngangur

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði verkefnahóp um fullorðins- og framhaldsfræðslu 22. janúar 2015. Samkvæmt skipunarbréfi var viðfangsefni verkefnahópsins að móta tillögur að úrbótum og breytingum á námsframboði fyrir fullorðna sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla. Aðdragandi verkefnisins er m.a. yfirlýsing ríkisstjórnar frá 15. nóvember 2013 og við undirritun kjarasamninga sama ár um samráð um aukin tækifæri til náms fyrir þá einstaklinga á vinnumarkaði sem hafa ekki lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi. Einnig athugasemdir Ríkisendurskoðunar, úttekt á framhaldsfræðslukerfinu 2013 og frumvarp til fjárlaga 2015.

Samkvæmt skipunarbréfinu átti verkefnahópurinn að gera tillögur að úrbótum og breytingum í samræmi við þau gögn sem eru nefnd og yfirlýsingu, eins og við á. Verkefninu var einnig ætlað að skila tillögum að heildstæðu kerfi náms sem gefur fullorðnum möguleika á að ljúka námi með tilliti til hækkaðs menntunarstigs, eigin starfsþróunar og náms sem hefur skilgreind námslok.

Hópurinn skipuðu:

Erla Björg Guðmundsdóttir, Kvasir

Halldór Grönvold, ASÍ

Karl Rúnar Þórssón, BSRB

Óli Halldórsson, Kvasir

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneytið


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, SA

Guðrún Ragnarsdóttir, ráðgjafi hjá Strategíu, var skipuð verkefnisstjóri og bar hún ábyrgð á því að skipuleggja verkefnið með hópnum og tryggja að sem flestir hagsmunaaðilar kæmu að því.

Eftir fyrstu tvo fundi verkefnahópsins tók Guðrún Eyjólfsdóttir sæti Þorgerðar Katrínar sem fulltrúi SA. Einnig komu inn tveir varamenn hvor á sinn fundinn, Eyrún Björk Valsdóttir, ASÍ, og Hulda Ólafsdóttir, Kvasir.

Haldnir voru átta vinnufundir þar sem hópurinn fór yfir fyrirbyggjandi gögn og stöðu mála. Kortlagðir voru þeir þættir sem hópurinn taldi mikilvægt að huga að og tekið var tillit til vinnu að ákveðnum umbótum hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sbr. umbótaáætlun Fræðslumiðstöðvarinnar og Fræðslusjóðs. Stjórn Fræðslusjóðs hefur unnið að stefnumörkun sem horft var til í þessari vinnu. Loks má nefna að unnið er að ýmsum umbótum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Námsmatsstofnunar sem tengjast framhaldsfræðslunni.

Á fyrsta fundi var teiknuð upp heildarmynd af fullorðins- og framhaldsfræðslu á Íslandi í þeim tilgangi að skýra hvað átt er við þegar fjallað er um fullorðinsfræðslu annars vegar og framhaldsfræðslu hins vegar. Eins og kemur fram á mynd 1 skilgreinir verkefnahópurinn framhaldsfræðslu sem einn þátt fullorðinsfræðslu. Í ljósi tímarammans og að framhaldsfræðslan er sá þáttur fullorðinsfræðslunnar sem er fjármagnaður af opinberum fjármunum ákvað verkefnahópurinn að afmarka verkefnið við framhaldsfræðsluna. Allar tillögur hópsins taka því mið af því.



Mynd 1: Yfirlitsmynd af fullorðinsfræðslu.

Unnið er að umbótum á sviði framhaldsfræðslunnar á ýmsum stöðum. Eftir að hafa greint þá vinnu var niðurstaða verkefnahópsins að fjalla sérstaklega um nauðsynlegar umbætur á eftirfarandi sviðum: Lagaumgjörð framhaldsfræðslu, fjármagnspörf, gæðamál, aldursmörk framhaldsfræðslunnar, þ.m.t. 25 ára og eldri nemendur, og aðalnámskrá framhaldsfræðslunnar. Auk þess var lögð áhersla á að styrkja og efla grunnþjónustupætti framhaldsfræðslunnar.

Í næstu köflum er fyrst fjallað um skipulag framhaldsfræðslunnar og grunnþjónustu hennar. Í framhaldi af því eru dregnir saman helstu þættir sem þarf að skerpa á í tengslum við framkvæmd lagaumgjarðar framhaldsfræðslunnar og tillaga gerð að breytingum á lögum til lengri tíma. Í köflum 7 til 10 er fjallað um meginviðfangsefni verkefnahópsins; fjármagnspörf, gæðamál, aldurmörk og aðalnámskrá framhaldsfræðslunnar. Í lok hvers kafla eru teknar saman tillögur verkefnahópsins sem hafa einnig verið dregnir saman í heildaraðgerðaráætlun hér að framan.

4. Skipulag framhaldsfræðslu

Framhaldsfræðslan er oft kölluð óformlega skólakerfið. Á síðustu árum hefur framhaldsfræðslan hins vegar tekið á sig fastara form, ekki síst með tilkomu Fræðslusjóðs árið 2011, og er nú gjarnan nefnd fimmta stoðin í menntakerfi landsins. Komið hafa fram ákveðin sjónarmið á undanförunum misserum, m.a. í úttektarskýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem var unnin af Capacent árið 2014⁵, þar sem kallað er eftir frekari formfestu. Fjallað er um það síðar í skýrslunni. Á sama tíma hafa þó þau

⁵ <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8051>

sjónarmið heyrst að framhaldsfræðslan sé orðin of miðstýrð þar sem ríflega helmingur fjármagnsins til hennar rennur í gegnum Fræðslusjóð (sjá nánar umfjöllun í kafla 7).

Samkvæmt lögum nr. 27/2010 miðar framhaldsfræðsla að því að veita einstaklingum með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju. Framhaldsfræðsla er sérstakur fjárlagaliður og undir hann heyra m.a. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóður og ýmsir fræðsluaðilar, þ. á m. símenntunarmiðstöðvar.


Í athugasemdum við lög nr. 27/2010⁶ segir meðal annars:

Undirbúningur að frumvarpinu hófst með því að sérstök verkefnisstjórn um símenntun skilaði skýrslu sinni og niðurstöðum árið 2006. Þar var m.a. lagt til að sérstök lög yrðu sett sem tryggðu fullorðnum einstaklingum, sem hætt hafa í námi, rétt til að ljúka námi við hæfi á framhaldsskólastigi. Í skýrslu verkefnisstjórnar var lagt til að einstaklingum stæði til boða að ljúka viðurkenndu, einingabæru námi sem tryggði viðkomandi rétt til áframhaldandi náms, þ.e. náms á framhalds- eða háskólastigi. Þá var lagt til að viðurkenndir fræðsluaðilar fengju greidd nemendaígildi fyrir þá nemendur sem kysu að nýta sér annað tækifæri til náms. Einnig taldi verkefnisstjórnin brýnt að einstaklingum stæði til boða raunfærnimat eða stöðupróf og að þeir sem hæfu nám að nýju á grundvelli laganna ættu kost á námslánum sér til framfærslu á námstíma. Við samningu frumvarpsins hefur m.a. verið leitast við að styðja við náð og árangursríkt samstarf Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) í fræðslumálum sem hafa, í samstarfi við stjórnvöld, staðið fyrir rekstri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem hefur að mati aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda reynst vel. Þá munu starfsmenntamál opinberra starfsmanna verða meðal verkefna Fræðslusjóðs. Jafnframt hefur verið litið til þess hvernig starfsemi símenntunarmiðstöðva hefur þróast á liðnum árum, en æskilegt er að tryggðar verði stöðugri undirstöður fyrir það mikilvæga starf sem fram fer á þeirra vegum. Með starfsemi símenntunarmiðstöðvanna hefur áunnist mikilvæg reynsla sem er um marga undirstaða framhaldsfræðslustarfs í landinu og stefnumótunar á því sviði, sem birtist m.a. í frumvarpi þessu.

Samhliða samþykkt laganna um framhaldsfræðslu gerðust BSRB, fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga aðilar að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og þjórnar framhaldsfræðslukerfið bæði almenna og opinbera vinnumarkaðinum.

Á næstu síðum er núverandi stöðu framhaldsfræðslukerfisins lýst nánar.

⁶ <http://www.althingi.is/altext/stjt/2010.027.html>




Mynd 2: Fimm stoðir menntakerfisins.


Á mynd 2 eru teiknaðar upp fimm stoðir íslenska menntakerfisins, þar sem framhaldsfræðslan hefur undanfarin ár verið að festast í sessi. Dregnar eru fram helstu staðreyndir um umgjörð hverrar stoðar eins og lagarammi, fjöldi nemenda (gróf nálgun), ábyrgð, rekstraraðilar og loks hvernig fjármögnun er háttað.

Fræðsluaðilar⁷ sem annast framkvæmd framhaldsfræðslunnar mynda ákveðið net eins og sést á mynd 3 og 4. Mikilvægt er að hafa í huga að aðstæður eru mismunandi m.a. eftir því hvort starfsemin fer fram á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. Almennt rekstrarform framhaldsfræðsluaðila á landsbyggðinni er sjálfseignarstofnanir, sem helstu aðilar í hverju nærsamfélagi standa að. Þetta eru aðilar atvinnulífsins, fulltrúar menntastofnana og sveitarfélaga. Þessar stofnanir hafa verið reknar sem svæðisbundnar símenntunarmiðstöðvar í 10 til 15 ár. Á höfuðborgarsvæðinu eru miðstöðvarnar ekki reknar í formi sjálfseignarstofnana og eignarhald því með öðrum hætti. Það er þó öllum fræðsluaðilunum sameiginlegt að vera í góðum tengslum við atvinnulífið og þjónusta markhóp framhaldsfræðslunnar í nánú samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á sínu svæði.

⁷ Með fræðsluaðilum er hér átt við símenntunarmiðstöðvar og aðra viðurkennda aðila sem bjóða upp á grunnþjónustupætti framhaldsfræðslunnar; náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og vottaðar námsleiðir.



Mynd 3: Svæðisbundin þjónusta fræðsluaðila.




Mynd 4: Miðlæg þjónusta fræðsluaðila.

Á mynd 3 er sést hvernig fræðsluaðilar eru dreifðir um landið og þjónusta sitt nærsamfélag. Mynd 4 sýnir hins vegar fræðsluaðilana á höfuðborgarsvæðinu sem þjónusta allt landið.

Framhaldsfræðslukerfið er samsett af nokkrum þáttum eins og mynd 5 sýnir. Hlutverk hvers og eins þáttar er nokkuð vel skilgreint og um leið tengslin milli þeirra. Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MRN) ber ábyrgð á aðkomu ríkisins að framhaldsfræðslunni. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar í stjórn Fræðslusjóðs og ráðuneytið gerir þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

(FA). Sá samningur felur m.a. í sér þjónustu við og umsýslu fyrir Fræðslusjóð. Einnig eru nokkrir fræðsluaðilar með fjárveitingar beint á fjárlögum sem fer í gegnum ráðuneytið Mynda þessir fræðsluaðilar net sem nær til landsins alls með skipulegum hætti. Fræðslusjóður úthlutar fjármunum til fræðsluaðila í samræmi við skilmála og úthlutunarreglur sjóðsins. Fræðslumiðstöðin veitir fræðsluaðilum faglegan stuðning, m.a. með gerð námskráa og vottun á starfsemi þeirra, auk annarra verkefna. Það eru svo fræðsluaðilar sem þjónusta nemendur framhaldsfræðslunnar. Loks má nefna að til hliðar á mynd 5 er teiknuð upp ný stofnun ráðuneytisins sem er enn verið að móta og því ekki alveg ljóst hvert hlutverk hennar verður hvað framhaldsfræðsluna varðar. Hins vegar liggur fyrir að stofnunin muni, að óbreyttu, votta námskrár framhaldsfræðslunnar og einnig annast viðurkenningu fræðsluaðila.



Mynd 5: Helstu þættir framhaldsfræðslukerfisins.

Í nýlegri úttekt á framhaldsfræðslukerfinu á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem framkvæmd var af Capacent, kom í ljós mikil ánægja með núverandi kerfi⁸.

⁸ Í skýrslu til Alþingis um samninga um símenntunarmiðstöðvar velur Ríkisendurskoðun að vísa í úttekt Capacent og byggir á niðurstöðum hennar. Sjá: http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/Samningar_um_simenntunarstl.pdf

Helstu niðurstöður úttektar:

- Framhaldsfræðslukerfið hefur náð þeim markmiðum sem sett eru fram í lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Fé til málaflokksins er nýtt á skilvirknan hátt og rennur með skýrum hætti til þeirra verkefna sem að er stefnt.
- Samskipti FA, Fræðslusjóðs og fræðsluaðila eru til fyrirmyndar.
- Framhaldsfræðslan nýtur þess að geta brugðist hratt við breytingum á þörfum markhópsins vegna nálægðar stéttarfélaga við félagsmenn og fyrirtækja við starfsmenn.
- Viðhorfsskönnun meðal þátttakenda gefur til kynna að framhaldsfræðslan breyti lífi og störfum fólks sem sækir sér nám og þjálfun innan kerfisins. Niðurstöður viðhorfsskönnunar eru í góðu samræmi við önnur gögn sem aflað var við úttektina.
- Ánægja ríkir meðal þátttakenda í framhaldsfræðslukerfinu með námsleiðir, ráðgjöf og raunfærnimat. Sú niðurstaða er einnig í góðu samræmi við önnur gögn.
- Lögfestingin 2010 hefur aukið formfestu, þótt til staðar sé mikið til sama verklag og fyrir lagasetninguna. Nokkrir fræðsluaðilar telja að framhaldsfræðslukerfið sé síður í stakk búið til þess að bregðast hratt við breytingum í ytra umhverfi þeirra sem þurfa á þjónustu kerfisins að halda.

Tækifæri eru til að bæta úr ýmsum þáttum eins og kemur fram í úttektarskýrslunni og eru hér dregnir saman:


- **Framhaldsfræðslukerfið** mætti vera sveigjanlegra en um leið skilvirkara. Kerfið mætti sinna betur fólki sem ekki er á vinnumarkaðnum. Móta þarf sameiginlega framtíðarsýn með hagaðilum auk þess sem bæta þarf skilmála og úthlutunarreglur Fræðslusjóðs.
- **Gæðastarf** mætti efla enn frekar, þar með talið skráningar og tölfraði um brotthvarf.
- **Samstarf** mætti enn efla milli FA og fræðsluaðila og einnig við framhaldskólakerfið.
- **Rannsóknir** eru nauðsynlegar, m.a. til að efla og bæta **markaðssetningu og kynningarstarf**. Átakið í kynningarmálum verks- og starfsnáms þarf að hefjast í grunnskóla..
- **Mat á námi** þarf að vera samræmt milli kerfa og einnig miðlægt innan framhaldsfræðslunnar varðandi framgang nemenda.
- Skapa þarf meira svigrúm og fleiri úrræði til að mæta **þörfum atvinnulífsins** fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna. Auka má **framhaldsfræðslu innan fyrirtækja**. Halda þarf áfram með að þróa **raunfærnimatið** fyrir fleiri starfsgreinar.
- **Efla þyrfti ráðgjöf** við einstaklinga með skerta námsmöguleika.

Meginniðurstaða verkefnahópsins er að framhaldsfræðslukerfið byggir á traustum grunni og vinni almennt vel að þeim markmiðum sem því hefur verið sett. Ef horft er til 2020 markmiðanna um að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25–64 ára sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun fari úr 30% í 10%⁹, er hins vegar langt í land. Því þarf að tryggja meira fjármagn til framhaldsfræðslunnar en nú er gert. Enn fremur þarf að efla enn frekar þróun og stuðning innan framhaldsfræðslukerfisins.

⁹ <http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/samfelagsmarkmid/>

5. Grunnþjónusta framhaldsfræðslunnar


Grunnþjónusta framhaldsfræðslunnar skiptist í þrjá meginþætti, þ.e. náms- og starfsráðgjöf, sem er undanfari hinna tveggja grunnþjónustupáttanna, raunfærnimat og vottaðar námsleiðir. Bæði raunfærnimatið og vottuðu námsleiðirnar hafa að markmiði að staðfesta og auka hæfni og færni í starfi og opna leiðir inn í framhaldsskóla, háskólabrýr eða á vinnumarkaði. Nánar er fjallað um hverja grunnþjónustu fyrir sig í næstu köflum.



Mynd 6: Grunnþjónusta framhaldsfræðslunnar.


5.1 Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf er anddyrið að framhaldsfræðslukerfinu fyrir flesta nemendur þess. Náms- og starfsráðgjafar þurfa bæði að sækja nemendur og taka á móti þeim, allt eftir aðstæðum. Samkvæmt ársskýrslu Fræðslusjóðs fór fram 191 kynningarfundur í náms- og starfsráðgjöf á árinu 2014 hjá átta fræðsluaðilum. Sex fræðsluaðilar voru ekki með kynningar á árinu. Af 191 kynningu fór 151 fram á vinnustöðum eða 79%. Aðrar kynningar voru 40 eða 21%. Hlutfall vinnustaðakynninga má sjá á mynd 7. Eftir að vinnustaðakynningum hafði hlutfallslega fjölgað með hverju ári frá 2010 fækkar þeim nú aftur frá 2013.



Mynd 7: Hlutfall vinnustaðakynninga.


Samkvæmt ársskýrslu Fræðslusjóðs 2014 var heildarfjöldi ráðgjafaviðtala það ár með greiðsluþátttöku Fræðslusjóðs, hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum, 9.467. Ráðgjafaviðtölum fækkaði nokkuð milli ára 2013 og 2014, eða um 1.397 viðtöl (13%) þau voru 10.864 árið 2013 en 9.467 árið 2014. Sjö miðstöðvar skiluðu færri viðtölum miðað við síðasta ár en sex bæta við sig. Fjöldi viðtala í hópráðgjöf árið 2014 voru 2.510 (27%) en 3.067 (28%) árið 2013.



Mynd 8: Fjöldi ráðgjafaviðtala.

Af viðtölum ársins flokkast 50,6% þeirra sem hefðbundin viðtöl, 26,7% voru í hópráðgjöf, 11,7% fólust í rafrænni ráðgjöf/símaráðgjöf, 5,5% flokkast undir færnimöppugerð í raunfærnimati og 5,5% voru hvatningarviðtöl.

Nokkur breyting hefur orðið á kynjasamsetningu í ráðgjöfinni. Árið 2007 voru 39% viðtala við karla. Hlutfallslega fjölgaði viðtölum við karla fram til ársins 2011 en frá 2012 hefur hlutfallið haldist nokkuð svipað, viðtöl við karla hafa verið frá 54%– 57% líkt og sjá má á mynd 9.



Mynd 9: Kynjasamsetning í ráðgjafaviðtölum.

Enn á eftir að útfæra rafræna ráðgjöf á vefnum *Næsta skref*. Sú vinna er í biðstöðu þar sem hana átti að kosta á grundvelli samnings við ESB um IPA-styrk til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.¹⁰ Hafin var umræða um fyrirkomulag ráðgjafar en ekki hefur verið hægt að þróa hana áfram vegna óvissu um verkefnið. Þetta er nokkuð umfangsmikil vinna sem þarf að miðstýra og mikilvægt er að fjármagn fáið sem fyrst til þessa verkefnis.

Vefurinn *Næsta skref* er bæði upplýsinga- og ráðgjafavefur. Tilraunaútgáfa var opnuð í desember 2014 og hafa viðtökur verið mjög jákvæðar, þrátt fyrir að enn skorti mikið á að búið sé að gera það sem fyrirhugað var. Á vefnum eru nú lýsingar á 220 störfum af 500. Enn fremur er búið að birta 100 námslýsingar á námskrám framhaldsskóla en námslýsingar framhaldsfræðslunnar vantar. Útlitshönnun er enn ábótavant og þróun á gagnvirkum tækjum, sem og vefráðgjöf, hefur stöðvast þar sem ekki hefur verið fjármagn til verksins. Mikilvægt er að tekin verði sem fyrst ákvörðun um að halda verkefninu áfram, ljúka því og tryggja fjármagn til þess. Þá þarf að ákveða hvar vefurinn verður vistaður til framtíðar og skapa viðunandi rekstrargrundvöll.

5.2 Vottaðar námsleiðir

Vottaðar námsleiðir framhaldsfræðslunnar byggja á námskrám sem unnar eru af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og framhaldsfræðsluaðilum í samstarfi við hagaðila. Námskrárnar eru fjölbreyttar og er ætlað að mæta jafnt þörfum einstaklinga í markhópi framhaldsfræðslunnar og atvinnulífsins. Viðurkenndir fræðsluaðilar um allt land sjá um námsframboð samkvæmt námskránum með stuðningi frá Fræðslusjóði. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur metið vottaðar námskrár til eininga á framhaldsskólastigi eða veitt heimild til tilraunakennslu meðan beðið er eftir að nýr námskrárgrunnur verði tilbúinn. Eins getur verið um að ræða nám sem viðurkenndur fræðsluaðili heldur á grundvelli námskrár framhaldsskóla sem ætlað er fullorðnu fólki á vinnumarkaði og stjórn Fræðslusjóðs hefur samþykkt að fjármagna úr Fræðslusjóði. Kallað hefur verið eftir samræmdu kerfi við mat á vottuðum námsleiðum og kemur það m.a. fram í úttekt á framhaldsfræðslunni (2014).

Á árinu 2014 voru þátttakendur í vottuðum námsleiðum sem Fræðslusjóður fjármagnaði 2.804 í 227 námsleiðum. Um 62% þátttakenda sóttu námið á landsbyggðinni en 38% á höfuðborgarsvæðinu.

¹⁰ Í framhaldi af því að íslensk stjórnvöld lýstu yfir árinu 2013 að aðildarumsókn að ESB væri sett á ís sagði Evrópusambandið upp samningum við Fræðslumiðstöðina. Því var mótmælt af hálfu FA og er það mál óútkljáð.


Þessi framkvæmd er ekki í samræmi við landssvæðaskiptingu markhópsins og því spurning hvernig er hægt að ná betur til markhópsins á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar ef horft er til SV–horns landsins, þ.e. höfuðborgarsvæðis og Suðurnesja saman, breytast hlutföllin og verður hlutdeild SV–hornsins 59% á móti 41% fyrir samanlögð önnur svæði landsins.

Samkvæmt ársskýrslu Fræðslusjóðs 2014 dreifist hlutfall þátttakenda á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar á eftirfarandi hátt:

Hlutfall milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis									
	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Höfuðborgarsvæðið	70%	49%	46%	38%	33%	37%	31%	36%	38%
Landsbyggð	30%	51%	54%	62%	67%	63%	69%	64%	62%

Mynd 10: Hlutfallsdreifing milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis varðandi þátttakendur námsleiða.

Fjöldi þátttakenda er mismunandi hjá hverjum fræðsluaðila. Á mynd 11 eru upplýsingar um fjölda þátttakenda í vottuðum námsleiðum sem eru fjármagnaðar af Fræðslusjóði 2014.



Mynd 11: Þátttakendur í námstilboðum símenntunarmiðstöðva 2014.

Eitt af brýnustu verkefnum á sviði framhaldsfræðslunnar á næstu árum er að þróa áfram og fjölga vottuðum námsleiðum á fjölmörgum sviðum, í nánú samstarfi við fulltrúa starfsmanna og fyrirtækja og stofnana. Mikilvægt er að móta skýrar verklagsreglur um þróun og endurbætur vottaðra námsleiða til að tryggja að þær skili tilætluðum árangri. Ljóst er að framangreind markmið kalla á mun meiri fjármuni en nú eru til ráðstöfunar.

5.3 Raunfærnimat

Raunfærnimat er skilgreind þróuð aðferð til að meta raunfærni fólks. Í framhaldsfræðslunni er það notað til að meta raunfærni á móti viðmiðum námskráa eða starfa, hjá fólki sem fór snemma út á vinnumarkaðinn án þess að ljúka viðurkenndu námi á framhaldsskólastigi. Hafist var handa við að meta raunfærni fólks í iðngreinum en síðan hafa fleiri greinar bæst við.

Raunfærnimat er skilvirkt tæki. Það er samfélaginu fjárhagslega hagkvæmt því það kostar mun minna að meta færni sem er fyrir hendi en að fólk fari í skóla til þess eins að ná í einingar. Það sparar einstaklingnum bæði tíma og fé. Er þá ótalin ávinningurinn sem felst í vellíðan sem fylgir því að umhverfið meti þekkingu og færni viðkomandi að verðleikum og að réttari mynd fái af menntunarstigi í landinu. Enn fremur hefur sýnt sig að raunfærnimat er öflug hvatning hverjum sem í það fer til að ljúka viðurkenndu námi.

Frá því raunfærnimati var komið á hafa rúmlega 2.700 manns fengið mat á færni sinni. Þar af rúmlega 1.900 í löggildum iðngreinum. Af hinum 800 hafa nærri tveir af hverjum þremur farið í raunfærnimat í öðrum starfsgreinum sem kenndar eru á framhaldsskólastigi, en nær einn af hverjum þremur í raunfærnimat á móti viðmiðum í atvinnulífinu, þ.e. gagnvart starfi. Dæmi um það síðastnefnda er raunfærnimat gagnvart viðmiðum í starfi þjónustufulltrúa í banka sem allir bankarnir stóðu að. Nú er í gangi umfangsmikil vinna til undirbúnings raunfærnimati gagnvart viðmiðum í starfi í verslunargreinum. Enn sem komið er hafa fleiri karlar en konur farið í raunfærnimat.

Í þróunarverkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, sem fékk styrk frá ESB, stóð til að bæta við raunfærnimati á móti 40 nýjum námskrám á framhaldsskólastigi til viðbótar við þær 30 sem FA og samstarfaðilar hafa raunfærnimatið síðastliðin sjö ár. Þegar þessu yrði lokið átti að vera orðið til raunfærnimat gagnvart öllum virkum námskrám á framhaldsskólastigi; heilstætt raunfærnimatskerfi á því skólastigi. Það verður reyndar aðeins að gagni ef yfirvöld menntamála styðja áfram að markhópur framhaldsfræðslunnar geti nýtt sér kerfið, að leiðir verði áfram opnar til að halda námi áfram og að framhaldsskólinn geti tekið við þeim sem vilja ljúka starfsnámi, margir samhliða fullu starfi. Í verkefninu átti enn fremur að búa til og prófa raunfærnimat á móti viðmiðum sex starfa. Þegar IPA-styrkurinn frá ESB féll niður veitti Fræðslusjóður stórum hluta af sínu mótframlagi í verkefnið. Búið er að ljúka gerð gátlista og verkfæra í 17 námskrám af 18, sem gerðir voru samningar um. Unnið er að framkvæmd 16 námskráa eða framkvæmd þeirra lokið. Eitt raunfærnimatsverkefni á móti færniviðmiðum atvinnulífsins er í framkvæmd.

Töluvert fleiri einstaklingar fóru í raunfærnimat árið 2014 en árið á undan, eða 571 í stað 369 (um 55% fjölgun). Heildarfjöldi staðinna eininga var 16.087 árið 2014 í samanburði við 9.590 árið áður (68% aukning). Jafnframt luku fleiri einstaklingar raunfærnimati í iðngreinum, eða 41. Enn fleiri einstaklingar luku raunfærnimati utan iðngreina, þeir voru 53 árið 2013 en 214 árið 2014. Þessa þróun frá árinu frá 2010 til 2014 má sjá á mynd 12.

Fjöldi sem lauk raunfærnimati	2010	2011	2012	2013	2014
Löggiltar iðngreinar	269	266	241	316	357
Annað raunfærnimat	18	110	166	53	196
Viðmið atvinnulífsins	97	35	16		18
Samtals	384	411	423	369	571

Fjöldi staðinna eininga í raunfærnimati	2010	2011	2012	2013	2014
Löggiltar iðngreinar	8.085	7.626	6.539	8.614	11.233
Annað raunfærnimat	129	2.553	3.826	976	4.854
Viðmið atvinnulífsins	Færniviðmið í atvinnulífinu				
Samtals	8.214	10.179	10.365	9.590	16.087

Mynd 12: Þróun fjölda einstaklinga og staðinna eininga í raunfærnimati.

Traust skiptir öllu máli við framkvæmd og þróun raunfærnimats. Einstaklingar sem fara í raunfærnimat, atvinnugreinarnar sem taka við fólki til starfa og hvetur það til raunfærnimats, skólar og fræðsluaðilar verða að treysta því að ekki sé á neinu stigi slegið af kröfum um þekkingu og færni. Þetta hefur tekist með ágætum í starfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Iðunnar, Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins, símenntunarmiðstöðva og Starfsmenntar.

Mikið hefur verið unnið í gæðamálum raunfærnimats hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Haldin eru námskeið fyrir matsaðila. Unnið er að því að setja raunfærnimatið í EQM-gæðavottunina og til stendur að byggja enn frekar upp raunfærnimat á mótí hæfnikröfum í atvinnulífinu.

Raunfærnimat er og verður afar mikilvægur þáttur framhaldsfræðslunnar. Mikilvægt er að tryggja fjármagn til að halda megi áfram á fullum afköstum IPA-verkefninu um heilstætt raunfærnimat fyrir allar námsbrautir framhaldsskólastigs og þróun raunfærnimats á mótí viðmiðum í störfum. Þá er mikilvægt að endurskoða fjármögnunarlíkan raunfærnimats. Núverandi fyrirkomulag byggir á einingamati nemenda að miklu leyti, sem ekki er alltaf góður mælikvarði á tíma og vinnu sem verja þarf til þjónustunnar. Skoða þyrfti hvort hægt er að einfalda þetta kerfi með það að markmiði að fjárhagslegur hvati verði meiri fyrir fræðsluaðila alls staðar af landinu til að finna nemendur úr markhópnum og styðja þá áfram til raunfærnimats. Um leið þarf að auka samstarf og upplýsingamiðlun um raunfærnimatsverkefni til hagræðingar og til að auðvelda hópamyndun í tilteknum greinum.

Fyrirsjáanlegt er að raunfærnimat mótí viðmiðum í atvinnulífinu mun aukast á næstu árum. Framþróun í störfum og tækni kallar á nýja þekkingu og meiri sérhæfingu en líklegt er að skólakerfið ráði við að fylgja. Hæfniramminn sem raðar þekkingu, færni og hæfni á þrep óháð því hvar hennar er aflað eða á hvað löngum tíma er gott hjálpartæki þegar kröfur starfa eru metnar og metið á mótí þeim. Samstarf framhaldsfræðslu, framhaldsskóla, og baklands í viðkomandi greinum er forsenda þess hversu vel hefur til tekist við raunfærnimat. Mikilvægt er að styðja við og hlúa áfram að því samstarfi og formfesta.

Tillögur að úrbótum:

1. Tryggja stöðuga og öfluga náms- og starfsráðgjöf fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar.
2. Ljúka þróun upplýsinga og ráðgjafavefsins *Næsta skref* og tryggja rekstur hans til framtíðar.
3. Vottaðar námsleiðir verði þróaðar og þeim fjölgað þannig að þær svari betur þörfum markhópsins og atvinnulífsins.
4. Unnið verði að því að efla raunfærnimatið með sérstakri áherslu á að fjölga möguleikum á raunfærnimati á móti viðmiðunum í atvinnulífinu og tryggja aðgengi markhópsins að raunfærnimati.

6. Lagaumgjörð framhaldsfræðslu

Eftir að hafa fjallað ítarlega um lagaumgjörð framhaldsfræðslunnar er það samdóma álit verkefnahópsins að ekki sé brýn nauðsyn að endurskoða hana. Hins vegar eru ýmsir þættir sem þarf að skerpa á til að tryggja samræmi milli lagaumgjarðar og framkvæmdar. Einnig eru nokkur atriði sem hópurinn vill draga sérstaklega fram sem þarf að skoða þegar löginn verður endurskoðuð.

Atriði sem þarf að skerpa á við framkvæmd:

1. Í 3. gr. laga nr. 27/2010 er fræðsluaðili skilgreindur en mikilvægt er að útfæra þetta nánar í skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs. Nánar er fjallað um þetta í kafla 8.
2. Í 6. gr. laga nr. 27/2010 er fjallað um vottun námskráa eða námslýsinga. Mikilvægt er að útfæra þá framkvæmd í nánú samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fræðsluaðila. Nánar er fjallað um þetta í kafla 8.
3. Í 9. gr. laga nr. 27/2010 er fjallað um fjárveitingar en mikilvægt er að skoða til framtíðar hvernig eigi að mæta þeirri fjármagnspörf sem er til staðar til að tryggja uppbyggingu framhaldsfræðslu til lengri tíma litið. Nánar er fjallað um þetta í kafla 7.
4. Í 10. gr. laga nr. 27/2010 er fjallað um hlutverk Fræðslusjóðs og þar segir m.a.: „Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.“ Þessi setning hefur verið túlkuð þannig að Fræðslusjóður geti ráðstafað fjármunum í ákveðin verkefni án auglýsingar en óljóst er hvort sú túlkun sé rétt.
5. Í skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs 2014 segir: „Til að námsleið sé styrkhæf skal markhópur framhaldsfræðslulaga ekki fara undir 80% þátttakenda.“ Mikilvægt er að skerpa á hvaða hópar geta fallið undir 20%, þ.e. hverjir eru jaðarhóparnir hvað varðar úthlutanir Fræðslusjóðs.

Atriði sem þarf að huga að til framtíðar:

1. Frumvarpi um framhaldsfræðslu, sem síðar varð að lögum nr. 27/2010, var undir það síðasta breytt þannig að bætt var við í 2. gr. um markmið laganna lið a, *að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu*, og e, *að veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni*. Verkefnahópurinn telur mikilvægt að lagaramminn endurspegli framkvæmdina eins og hún hefur haldist fyrir og eftir þessar breytingar. Eftir að þessum liðum var bætt við hefur meginmarkmið framhaldsfræðslunnar, að veita einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju, verið útvíkkað. Nú þegar er verið að

sinna þeim markhópi sem skilgreindur er í lið e af Fjölmennt sem fær sérstakt framlag á fjárlögum til þessa verkefnis.

2. Í liða a í 3. gr. laga nr. 27/2010 er framhaldsfræðslan skilgreind sem nám sem „er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla“, þ.e. að ekki séu kenndar sömu námskrár og í formlega skólakerfinu. Skoða mætti hvort þörf væri á sams konar speglun í lögum um framhaldsskóla annars vegar og háskóla hins vegar, þ.e. að löggjafi og hagsmunaaðilar geri upp við sig á forsendum nemenda hvort og þá hvernig girðingar eigi að vera milli kerfa. Enn fremur þarf að skoða þessa grein í samhengi við fyrirhugaðar breytingar eða þróun á aðgengi 25 ára og eldri nemenda að bóknámi.
3. Í reglugerð nr. 1163/2011 um framhaldsfræðslu eru skilgreind aldursmörk fyrir raunfærnimat. Þessi aldursmörk eru ekki tilgreind í lögum um framhaldsfræðslu og því er ákveðið misræmi þar á milli. Einnig þarf að huga að því að í námskrám framhaldsfræðslu eru skilgreind ákveðin aldursmörk sem eiga ekki heldur stöðir í lögunum. Því er spurning hvort endurskoða þurfi reglugerð og námskrár eða breyta lagarammanum. Í kafla 9 er fjallað um hugmyndir verkefnahópsins um aldursmörk framhaldsfræðslunnar.
4. Í 10. gr. laga nr. 27/2010 eru fræðsluaðilar sérstaklega tilgreindir í lið a. Einnig þarf að huga að þessu í sambandi við lið b, sbr. nánari umfjöllun um fræðsluaðila í kafla 8.
5. Ef tillögur hópsins um mótun aðalnámskrá framhaldsfræðslu verða samþykktar (sjá nánar kafla 10) þarf að gera viðeigandi lagabreytingar.

Að lokum má nefna að mikilvægt er að skilgreina hvað felst í hugtakinu fullorðinsfræðsla þar sem framhaldsfræðsla er einn þáttur hennar (sjá mynd 1).


7. Fjármagnspörf

7.1 Fjármagn til framhaldsfræðslu

Mikilvægt er að átta sig á fjármagnspörf framhaldsfræðslunnar til skemmri og lengri tíma litið. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2015 er tæplega 1,38 milljarða krónum veitt í framhaldsfræðslu. Þessir fjármunir skiptast þannig að 770 milljónir kr., eða 56%, fara til Fræðslusjóðs annars vegar og hins vegar er beint framlag til fræðsluaðila 318 milljónir kr., eða 23%. Vert er að geta þess að upphæðin til fræðsluaðila gefur ekki rétta mynd af því hvaða fjármunir fara í framhaldsfræðslu þar sem einn fjórði af þeirri upphæð tengist öðrum verkefnum en framhaldsfræðslu, t.d. háskólaþjónustu og rannsóknarstarfi. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fær greiddar 127 milljónir kr., eða 9% af heildarfjárveitingu skv. þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Loks má nefna að inn í heildartölunni er 138 milljón kr. fjárveiting vegna íslenskukennslu fyrir innflytjendur og 17 milljóna kr. fjárveiting til FS-nets, háhraðanet fyrir framhaldsskóla og símenntunarstöðvar á Íslandi.

Fjárveitingar til framhaldsfræðslukerfisins námu 7,5 ma.kr. árin 2009–2014. Árin 2009–2013 fóru 1.829 einstaklingar í raunfærnimat, viðtöl við náms- og starfsráðgjafa voru tæplega 50.000 og 13.398 einstaklingar nýttu sér námsleiðir kerfisins. Fjöldinn var breytilegur frá ári til árs en yfirleitt hófu 2.000–3.000 einstaklingar nám ár hvert. Brotthvarf var á bilinu 8%–18% á sama tíma. Þá fjölgaði kennslustundum úr 21.000 árið 2009 í 36.000 árið 2013 eða um 71%¹¹.

¹¹ Úttekt á framhaldsfræðslukerfinu 2009–2014, Capacent



Mynd 13: Framlög til framhaldsfræðslu árin 2006 til 2014 (á verðlagi hvers árs).

Samkvæmt Vinnumarkaðsskönnun Hagstofunnar 2011 eru 162 þúsund einstaklingar á vinnumarkaði á aldrinum 25–64 ára og þar af 47.000 einstaklingar sem hafa ekki lokið grunnskólaprófi (ISCED 1) eða framhaldsskóla (ISCED 2)¹². Af þeim eru atvinnuleitendur um 2.800 og aðilar utan vinnumarkaðar um 9.000. Verkefnahópurinn var sammála um að ekki yrðu teknir með þeir sem standa utan vinnumarkaðar og því er viðmiðið 38.000 einstaklingar í útreikningum á fjármagnspörf sem fjallað er um í kafla 7.1.

Ef unnið er út frá markmiði 2020 sóknaráætlunarinnar um að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25–64 ára sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun verði ekki hærra en 10% árið 2020, sem er sama markmið og ESB stefnir að, eru um 16.200 manns sem gert yrði ráð fyrir að yrðu áfram án formlegrar menntunar á framhaldsskólastigi. Það þýðir að bæta þarf við menntun 21.800 manns á aldrinum 25–64 ára, þ.e. hækka menntunarstig þeirra. Til viðbótar má reikna með að nokkur nýliðun verði í þessum hópi enda bætist við í hópinn á hverju ári. Til að einfalda útreikninga var aðeins miðað við þann hóp sem er talinn standa eftir í dag. Enn fremur má benda á að samkvæmt skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs mega 20% af þeim sem nýta sér grunnþjónustu framhaldsfræðslunnar, sem fjármögnuð er af Fræðslusjóði, vera nemendur sem þurfa *umskólun* vegna úreldingar á námi sínu eða innflytjendur sem ekki fá metið í starfi nám sitt frá heimalandinu.

Fjárhæð sem úthlutað er í gegnum Fræðslusjóð er nýtt fyrir námsleiðir, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf fyrir framangreindan markhóp framhaldsfræðslunnar. Eins og áður hefur komið fram er fjárframlag ríkisins til Fræðslusjóðs 770 milljónir. Miðað við að sjóðurinn tók til starfa árið 2010 var gert ráð fyrir 10 árum til að ná ofangreindum markmiðum. Útreikningar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sýna (sjá viðauka A) að fjármagnspörfin er mun meiri en tæpar 800 milljónir á ári. Skoðað var hvað kostaði ef hópinn lyki annars vegar 86 FEIN-einingum og hins vegar 137 FEIN-einingum en til samanburðar er nám til stúdentsprófs 240 FEIN-einingar (4 ár). Miðað við aðsókn undanfarinna ára að námsleiðum, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf hjá fræðsluaðilum og núverandi verðlagningu þessara þátta gæti heildarfjármagnspröfin verið 13 til 19 milljarðar króna

¹² Ekki liggja fyrir sambærilegar upplýsingar í Vinnumarkaðaskönnun Hagstofunnar 2014.

sem þýðir að miðað við óbreytt fjárframlag mun það taka 20 til 30 ára að ná 2020 markmiðinu, og er þá ekki tekið tillit til nýliðunar í markhópnum.

Í tengslum við væntanlegar breytingar á aðgengi 25 ára og eldri til að stunda bóknám í framhaldsskólum landsins vakna upp spurningar um hvort þörf sé á viðbótarframlagi. Margt bendir til þess að vandi vegna takmarkaðrar getu framhaldsskóla til að taka á móti nýjum (eldri) nemendum sé helst á höfuðborgarsvæðinu. Framhaldsskólar á landsbyggðinni gætu hins vegar frekar sinnt þessum hópi í samstarfi við fræðsluaðila að því gefnu að fjármunir fáið áfram í það verkefni. Á höfuðborgarsvæðinu má því segja að þessum hóp standi takmörkuð úrræði til boða. Verkefnahópurinn hefur skoðað ítarlega þessa stöðu og telur að nú þegar séu ákveðin úrræði í boði fyrir 25 ára og eldri á höfuðborgarsvæðinu að loknum Menntastöðum, annaðhvort sem staðnám eða fjarnám. Nánar er fjallað um þetta í kafla 9.

Eftir stendur spurning um væntanlega fjölgun í framhaldsfræðslunni ef dyr framhaldsskólanna lokast fyrir 25 ára og eldri sem ætla í bóknám. Samkvæmt upplýsingum mennta- og menningarmálaráðuneytisins voru 1.165 nemendur 25 ára og eldri skráðir haustið 2014 í framhaldsskóla landsins, sem samsvarar 6,8% af bóknámsnemendum. Þessir nemendur eru ekki allir í fullu námi en á ársgrundvelli má áætla að þetta séu 522 ársnemendur (nemendur í fullu námi) eða 3,6% af bóknámsnemendum. Árið 2014 luku 3.182 einstaklingar vottuðum námsleiðum framhaldsfræðslunnar, sem gæti þýtt um 16% aukningu miðað við ofangreindar forsendur. Innan við helmingur þessa hóps sem gæti bæst við er á höfuðborgarsvæðinu. Fram að þessu hafa framhaldsskólar á landsbyggðinni getað sinnt þessum hóp 25 ára og eldri nemenda en verði fjármagn vegna þeirra skert skapar það viðbótarvanda. Þar sem erfitt er að spá fyrir um raunveruleg áhrif þarf að fylgjast náið með þróun mála frá og með næsta hausti og sjá hvort veruleg aukning verði í eftirspurn eftir námsleiðum framhaldsfræðslunnar.

7.2 Fjöldi aðila sem sinnir framhaldsfræðslu

Enn einn óvissupáttur um fjármagnspörf framhaldsfræðslu er að fræðsluaðilum sem geta óskað eftir úthlutun úr Fræðslusjóði fjölgar. Framundan er vinna á vegum stjórnar Fræðslusjóðsins við að endurskoða skilamála og úthlutunarreglur sjóðsins í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Mikilvægt er að hafa gegnsæjar reglur sem uppfylla bæði lagaramma framhaldsfræðslunnar og stjórnsýslulög. Annar mikilvægur þáttur tengdur þessu er viðurkenning ráðuneytisins annars vegar og gæðavottun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hins vegar. Í kafla 8 er sérstaklega fjallað um þetta en mikilvægt er að samræma eða sameina þá ferla sem notaðir eru með það að leiðarljósi að nemandi sem sækir sér menntun hjá fræðsluaðila geti gengið að því vísu að námið og þjónustan uppfylli ákveðin gæðaviðmið.

Ákveðin hætta er á því að grunnstöðir framhaldsfræðslukerfisins veikist verulega ef fjármunir þess dreifast á fleiri. Verkefnahópurinn telur því mikilvægt að breytingar sem gætu hugsanlega orðið á skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs tryggi áfram þá grunnþjónustu sem þarf að vera í boði hjá fræðsluaðilum. Má þar sérstaklega nefna náms- og starfsráðgjöf sem er anddyrið að hinum tveimur þjónustupáttum framhaldsfræðslunnar; vottuðum námsleiðum og raunfærnimati.

Verkefnahópurinn leggur til að aðgengi að Fræðslusjóði verði þannig að þeir sem uppfylla ákveðin skilyrði geti sótt um í sjóðnum. Um það er nánar fjallað í kafla 8. Skilmálar og úthlutunarreglur sjóðsins eiga að kveða á um hver þessi viðmið eru þannig að það sé gagnsætt og aðgengilegt öllum. Enn fremur vill verkefnahópurinn áréttta að mikilvægt er að tryggja grunnþjónustu fræðsluaðila og

gæði hennar. Í því samhengi hafa vaknað hugmyndir hvort úthlutanir Fræðslusjóðs til þeirra þriggja þjónustupátta sem lögin kveða á um ættu að vera byggðar á mismunandi forsendum. Auk þess þarf að huga sérstaklega að því hvernig hægt er að tryggja ákveðinn stöðuleika og festu í kerfinu. Lagt er til að þessar hugmyndir verði ræddar nánar við fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins í þeirri vinnu sem framundan er á vegum Fræðslusjóðs.

Tillögur að úrbótum:

1. Fjárveiting til framhaldsfræðslunnar verði aukin um rúmar 1.000 milljónir á ári næstu fimm árin til að nálgast betur 2020 markmiðið. Lýsing á einstökum verkefnum er að finna í kafla 2 og í viðauka B.
 - a. Til Fræðslusjóðs verði veitt viðbótarframlag upp á 975 milljónir á ári til að bregðast við aukinni eftirspurn fræðsluaðila sbr. markmið 1 í kafla 2.
 - b. Til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins verði veitt viðbótarframlag upp á 100 milljónir á ári til að ljúka við þróun og uppbyggingu grunnþjónustu framhaldsfræðslunnar, sbr. markmið 1 í kafla 2.
2. Nauðsynlegt er að endurskoða forsendur fastra framlaga til fræðsluaðila til að tryggja grunnstarfsemi þeirra. Enn fremur þarf að aðgreina betur framlag til framhaldsfræðslu frá öðrum verkefnum í fjárlögum.

8. Gæðamál

Til að tryggja gæði í framhaldsfræðslunni hefur mikilvægt starf verið unnið á því sviði hjá ráðuneytinu, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fræðsluaðilum. Segja má að gæðamálin skiptist í tvo meginþætti: 1) viðurkenning og gæðavottun fræðsluaðilar og 2) vottun námskráa. Í næsta kafla er fjallað sérstaklega um þessa tvo þætti.

8.1 Viðurkenning og gæðavottun fræðsluaðila

Verkefnahópurinn telur mikilvægt að samræma viðurkenningarferli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og gæðavottunarferli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins með það að leiðarljósi að nemandi sem sækir sér menntun hjá fræðsluaðila geti gengið að því vísu að námið eða þjónustan uppfylli ákveðin lágmarks gæðaviðmið. Í núgildandi reglugerð nr. 1163/2011 er aðallega horft til viðurkenningu fræðsluaðila sem bjóða upp á námsleiðir. Enn fremur er ákveðinn tvíverknaður í gangi hvað varðar viðurkenningu og vottun fræðsluaðila.

Verkefnahópurinn leggur til að viðurkenningar- og vottunarferlin verði samþætt með það að leiðarljósi að þróa eitt skilvirkt og heildstætt ferli. Til álita kemur að fara í gegnum ferlið í tveimur áföngum ef þess yrði óskað, þ.e. að votta gæðakerfið fyrst og síðan rekstrarlega hæfni og getu. Ef úr yrði að þessi ferli yrðu samþætt gæti ráðuneytið falið undirstofnun eða þjónustuaðila framkvæmdina.

Hér eru tilgreindir nánar þeir þættir sem verkefnahópurinn leggur til að lagðir verði til grundvallar við viðurkenningu/vottun fræðsluaðila framhaldsfræðslu:

1. Rekstrarleg og fagleg hæfni

- Starfandi stjórn og framkvæmdastjórn sem sýnt er að hafi rekstrarþekkingu.
- Fagþekking sé til staðar til að veita grunnþjónustu framhaldsfræðslunnar. Horfa þarf til eftirfarandi þátta:
 - a. Kennslufræði fullorðinna.

- b. Náms- og starfsráðgjafar.
- c. Raunfærnimats.
- d. Verkefnastýringu eins og við á.
- e. Vinnumarkaðs og atvinnulífs.

2. Fjárhagslegar/rekstrarlegar forsendur

- Viðurkenndir fræðsluaðilar hafi gildan samning við MRN um skyldur á sviði framhaldsfræðslu.
- Eigið fé fræðsluaðila skal vera jákvætt.
- Fræðsluaðili skal vera í skilum með opinber gjöld.
- Löggild endurskoðun skilyrt (7. gr. laga).
- Fræðsluaðili ekki rekinn í hagnaðarskyni (non-profit).
- Sýnt fram á að rekstrarhæfi sé tryggt.

3. Starfsaðstaða

- Fræðsluaðili hafi yfir að ráða húsnæði sem fullnægir lögbundnum kröfum ásamt vottorðum frá yfirvöldum heilbrigðis- og brunamála og lýsingu á aðgengi fatlaðra, sbr. 3. gr. reglugerðar 1163/2011 um framhaldsfræðslu.

4. Skipulag og umsjón náms, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar

- Markmið starfsemi fræðsluaðila sé m.a. að greina þarfir markhóps framhaldsfræðslulaga og mæta þeim í gegnum náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og vottaðar námsleiðir fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki (sbr. a-liður 1. mgr. 3 gr. framhaldsfræðslulaga).
- Tryggt sé að úrræði kostuð úr Fræðslusjóði verði skráð í miðlægan grunn.
- Áhersla verði lögð á að þjóna sérstaklega þeim einstaklingum sem erfitt er að ná til.

5. Gæðakerfi

- Vottað gæðakerfi með áherslu á nám fullorðinna, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat sbr. f-lið 7. gr. laga nr. 27/2010 og skilgreiningu á framhaldsfræðslu, ásamt reglugerð 1163/2011.
- Framkvæmdar séu reglulegar úttektir á gæðakerfinu.
- Gæðakerfi sé miðað við fullorðna (lögbundið sbr. 7. gr. laga nr. 27/2010).
- Gæðakerfi tryggi faglega umgjörð (skipulag, framboð, starfsaðstaða, kröfur til kennara o.fl.).

8.2 Vottun námskráa

Nýlega tók Námsmatsstofnun við verkefninu að votta námskrár framhaldsfræðslunnar, skv. 6. grein laga um framhaldsfræðslu. Enn er verið að móta þetta ferli í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og mennta- og menningarmálaráðuneytið en ákveðin biðstaða er uppi þar sem ekki hefur verið lokið við gerð hæfnirammans. Vonast er til þess að þeirri vinni ljúki á þessu ári en í framhaldinu þarf að vinna að nánari útfærslu í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fræðsluaðila. Brýnt er að ljúka þessu starfi sem fyrst þar sem núverandi staða mála hamlar frekari framþróun á þessu sviði. Nánar er fjallað um þetta efni í kafla 10.

Tillögur að úrbótum:

1. Samræma viðurkenningar og vottun fræðsluaðila í eitt ferli þar sem fræðsluaðilar geta byrjað á því að sækja um vottun á gæðakerfinu og síðan viðurkenningu.
2. Einn og sami aðili viðurkennir og vottar fræðsluaðila skv. þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.
3. Vottun fræðsluaðila verði útvíkkuð þannig að hún nái líka til raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar.
4. Vottunarferli námskráa verði skoðað út frá tillögum hópsins um aðalnámskrá framhaldsfræðslunnar (sjá kafla 10).


9. Aldursmörk framhaldsfræðslunnar

Í fjárlagafrumvarpi vegna ársins 2015 kemur fram að aldurshópurinn 25 ára og eldri í framhaldsskólum hafi verið skoðaður sérstaklega. Þar segir: „Gera má ráð fyrir að um 2.000 ársnemendur séu í þessum hópi þótt skráðir nemendur á þeim aldri séu um helmingi fleiri. Um það bil 60% eldri nemenda eru í starfsnámi og er miðað við að lágmarka skerðingu þjónustu við þann hóp. Að því marki sem takmörkunum verður beitt við innritun í framhaldsskóla verður megináhersla lögð á að mæta óskum nemenda undir 25 ára aldri um skólavist í samræmi við forgangsröðun framhaldsskólalaga og reglugerðar um innritun.“ Í kafla 7 er fjallað um fjármagnspörfina sem gæti orðið til við þessar breytingar en hér á eftir er fjallað um þá þjónustu sem þessi breyting kallar á. Áður en það er gert er mikilvægt að velta fyrir sér aldursmörkum almennt varðandi framhaldsfræðsluna.

Þegar framhaldsfræðslan var upphaflega skipulögð var ákveðið, í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið og fulltrúa framhaldsskóla í matsnefnd, sem vottaði námskrár til eininga, að gæta þess að ekki yrði straumur úr framhaldsskólanum í framhaldsfræðsluna vegna „öldungadeildarmats“ á einingum, þ.e. færri kennslustundir á bak við eininguna. Vottaðar námskrár framhaldsfræðslunnar eru því almennt fyrir fólk eldra en 20 ára og jafnvel frá 23 ára aldri. Raunfærnimatið er skilgreint í reglugerð 1163/2011, fyrir fólk yfir 23 ára aldri. Hins vegar eru engar heimildir í lögum til að takmarka framhaldsfræðslu við ákveðinn aldur.

Mörg gild sjónarmið eru fyrir því að rýmka aldursmörkin og taka frekar mið af reynslu á vinnumarkaði og hagnýtingu, m.a. til að forðast að ungt fólk á vinnumarkaði þurfi að bíða eftir því að geta hafið nám. Framundan er endurskoðun námskráa og skráning í námskrárgrunn framhaldsfræðslunnar. Nú er því gott tækifæri til að marka stefnu um aðgang að úrræðum framhaldsfræðslu. Verkefnahópurinn leggur til að miðað verði við 18 ára aldur, þegar einstaklingar verða fjárráða og sjálfráða. Ef rýnt er í tölur um brotthvarf úr framhaldsskólum frá haustönn 2014 kemur í ljós að brotthvarf 20 ára eldri er 40% og ef tekið er saman brotthvarf 18 ára og eldri er brotthvarfshópurinn mun stærri.

Brotthvarf, hlutfall flokkað eftir aldri



Mynd 14: Brotthvarf, flokkað eftir aldri/hlutfall af heild.

Þegar litið er á þær ástæður sem nemendur gefa upp vegna brotthvarfs má sjá nokkurn mun eftir aldri. Af þeim sem hættu í námi og eru fæddir á árunum 1995–1998 (20 ára og yngri) fór 101 nemandi í aðra skóla eða 21%. Til samanburðar má sjá að úr hópi þeirra sem eldri eru fóru 14 nemendur, eða 4,4% þeirra sem hættu, í aðra skóla. Því er ljóst að flutningur milli skóla er algengari meðal þeirra sem tilheyra yngri hópnum.

Brotthvarf uppgefnar ástæður	1998	1997	1996	1995	Eldri
Fór að vinna	5	10	28	17	71
Flutningar	2	7	2	1	4
Fjárhagsaðstæður	0	2	2	1	13
Námsörðugleikar	0	3	2	1	1
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi	9	18	15	13	16
Nám of erfitt	3	1	2	2	3
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk skóla	0	0	0	0	1
Einelti	0	0	0	0	0
Vísað úr skóla/brot á skólareglum	2	6	21	16	35
Veikindi barna	0	0	0	0	3
Fór í annan skóla	43	28	23	7	14
Líkamleg veikindi	3	1	6	7	45
Persónulegar ástæður	1	2	10	5	34
Neysla/meðferð	2	2	2	2	1
Andleg veikindi	18	12	23	10	35
Annað	10	14	22	27	42
Samtals	98	106	158	109	318

Mynd 15: Brotthvarf, heildartölur flokkað eftir ástæðum og aldri.

Þessu til viðbótar má benda á að haustið 2014 fengu 146 nemendur á aldrinum 18 til 25 ára ekki innritun í framhaldsskóla. Af þeim voru tæplega 70% á höfuðborgarsvæðinu. Nánari greiningu á þessum hópi má sjá á mynd 16.


Haust 2014							
146 nemendum hafnað, hvorki í skóla né á skrá vinnumálastofnunar							
útskrift úr grunnskóla	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
	25	12	23	22	29	26	9
höfuðborgarsvæðið		99					
landsbyggð		47					

Mynd 16: Fjöldi 18–25 ára sem fengu ekki innritun í framhaldsskóla haustið 2014.

Rannsóknir hafa sýnt að sá hópur sem hverfur á brott úr framhaldsskólum er oftast brothættur og þarf meiri stuðning og hvatningu en aðrir hópar. Einstaklingar í þessum hópi verða fljótt hluti af vinnumarkaðnum og þar með markhópi framhaldsfræðslunnar. Það virðist því vera andstætt anda laganna um framhaldsfræðslu að takmarka markhópinn við ákveðinn aldur. Þegar á heildina er litið gæti það reynst ódýrari og skilvirkari leið fyrir samfélagið að opna fyrir þann möguleika að markhópur framhaldsfræðslunnar nái til 18 ára og eldri. Þess ber þó að gæta að í tölunum um væntanlega fjármagnsbörf til lengri tíma litið, í kafla 7 hér að framan, er miðað við 25 ára og eldri og því mundu þær tölur hækka verulega ef þessi breyting nær fram að ganga.

Í umræðunni um mögulegar aðgangstakmarkanir nemenda sem eru 25 ára og eldri að skólavist í framhaldsskólum landsins verður að hafa tvennt í huga. Í fyrsta lagi er aðeins verið að fjalla um bóknám og í öðru lagi virðist nokkur aðstöðumunur á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu eins og fram kom í kafla 7. Gengið er út frá því að ekki verði breyting á núverandi fjármögnun framhaldsskóla á landsbyggðinni, þ. á m. möguleikum til að sinna áfram 25 ára og eldri.

Í dag er í boði ákveðin leið sem 25 ára eldri sem stefna á nám í háskóla í gegnum framhaldsfræðsluna geta nýtt sér, sbr. mynd 16. Í þessu samhengi tekur framhaldsfræðslukerfið til 1. og 2. hæfnipreps, miðað við sjö þrepa ramma. Þeir sem ekki hafa lokið grunnskóla geta byrjað í Grunnenntaskólanum og að honum loknum farið í Menntastoðir. Þeim stendur svo til boða að fara í aðfaranám í háskóla.



Mynd 16: Möguleg námsleið fyrir 25 ára og eldri í bóknám.

Margir nýta sér þessar leiðir og á síðastliðnu ári luku 107 nemendur námi í Grunnmenntaskólanum og 394 námi í Menntastoðum. Eftirspurn í aðfaranám háskólanna hefur jafnan verið mikil en sá valkostur hefur einna helst verið gagnrýndur fyrir þann kostnað sem nemendur þurfa að bera. Skólagjöld í aðfaranám eru nú mjög mismunandi hjá þeim þremur skólum sem bjóða nám á þessu stigi, þ.e. Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst og Keilir, sem er í samstarfi við Háskóla Íslands. Frá og með næsta hausti verður allt aðfaranám eitt ár í stað tveggja. Mikilvægt er að hafa í huga að það er alltaf móttökuskólinn að loknu því námi sem segir til um hvaða kröfur þarf að uppfylla til að komast inn á ákveðna deildir háskóla


Samkvæmt *Ársriti mennta- og menningarmálaráðuneytisins*¹³ voru nýlega settar reglur um aðfaranám að háskólanámi. Um það segir í ársritinu:

Tilgangur þeirra er að bæta lagaumgjörð um námið og skýra inntak og uppbyggingu þess. Þá er þeim ætlað að standa vörð um réttindi nemenda þannig að þeim sé ljóst hvað felst í aðfaranámi og hvaða réttindi slíkt próf veitir. Aðfaranám skal skipulagt þannig að nemandi í fullu námi skuli að jafnaði ljúka því á tveimur önnum en veitt er undanþága frá því ef nemandi hefur áður lokið prófi í iðngrein. Námið skal skipulagt sem 60 framhaldsskólaeiningar til viðbótar fyrra námi. Aðfaranámið, ásamt fyrra námi, skal mynda 200 eininga heild sem lýtur kröfum um kjarnagreinar til stúdentsprófs. Aðfaranám hefur lengi verið stundað á Íslandi (var áður nefnt frumgreinanám) en Tækniskóli Íslands fór að bjóða upp á slíkt nám árið 1964. Það var að danskri fyrirmynd og var upphaflega hugsað fyrir iðnskólagengna nemendur sem hugðu á nám við skólann en skorti þekkingu í undirstöðuatriðum tæknifræðináms, s.s. stærðfræði og eðlisfræði.

Ef sú leið sem sýnd er á mynd 16 á að vera raunhæf leið fyrir nemendur 25 ára og eldri þarf að huga sérstaklega að kostnaðinum fyrir námsmanninn. Í einhverjum tilfellum hafa námsmenn möguleika til

¹³ [Ársrit mennta- og menningarmálaráðuneytisins 2014](#), bls. 16

að sækja styrk í starfsmenntasjóð sinn en oft ekki. Þessi valkostur má því ekki vera það dýr að hann reynist ekki raunhæfur og það er engum til góðs að stofna til hærri námslána en nauðsyn krefur.



Mynd 17: Námsleiðir í boði í dag sem úrræði í aðfaranámi til háskóla.¹⁴

Á mynd 17 eru dregnar fram þær leiðir sem nú standa nemendum 25 ára og eldri til boða, bæði í staðnámi og fjarnámi. Þau sjónarmið hafa komið fram, einkum á höfuðborgarsvæðinu, að það vanti til viðbótar leið innan framhaldsfræðslunnar sem gefur einstaklingum kost á að ljúka ígildi stúdentsprófs. Í því sambandi hefur verið bent á að ekki henti öllum að stunda fjar- og dreifnám og að það staðnám sem er í boði sé bæði kostnaðarsamt og ekki raunhæfur kostur fyrir alla. Skiptar skoðanir eru um þetta en það er mat verkefnahópsins að þar sem núverandi kerfi gerir þessum hópi kleift að ljúka aðfaranámi til háskólanáms eigi megináhersla framhaldsfræðslunnar að vera á að efla tækifæri til verk- og starfsmenntunar.

Verkefnahópurinn er sammála um að inntaka nýnema í framhaldsskóla og forgangsörðun á grundvelli aldurs kunni að vera réttlætanager. Í ljósi ofangreindra atriða um fjölda nemenda í hópi 25 ára og eldri kann þó að vera óráðlegt að setja ófrávikjanleg aldursmörk sem gilda alls staðar óháð aðstæðum.

¹⁴ Í viðauka C er myndin í betri upplausn.

Tillögur að úrbótum:

1. Aldursmörk framhaldsfræðslunnar verði skilgreind frá 18 ára og eldri, þ.e. fyrir fullorðna einstaklinga sem hafa verið á vinnumarkaði.
2. Verkefnahópurinn hvetur til að ekki verði skapaður vandi í nýjum reglum um inntöku nemenda í markhópi framhaldsfræðslunnar, þar sem aðstaða og fé hefur verið fyrir hendi í framhaldsskólum.
3. Aldursmörk einstakra námskráa verði afnumin og í staðinn verði fjallað um aldursmörk í aðalnámskrá framhaldsfræðslunnar, sbr. tillögu í kafla 10.
4. Úttekt verði gerð á því fyrir lok árs 2015 hvernig núverandi bóknámsleiðir hafi nýst þeim einstaklingum í markhópi framhaldsfræðslunnar sem hafa haft hug á því að sækja nám á háskólastigi. Í framhaldi af því verði metið hvort skrifa eigi námskrá (námsleið) innan framhaldsfræðslunnar (Menntastoðir II) svo hægt sé að bjóða þeim einstaklingum, sem ekki henta önnur úrræði til aðfaranáms að háskóla, upp á staðbundið nám. Tryggja þarf aðgengi að háskólum ef þessi leið verður farin.
5. Almennt verði aðgengi að raunfærnimati miðað við a.m.k. þriggja ára starfsreynslu í viðkomandi starfsgrein.
6. Unnið verði að því að gera aðfaranám til háskóla raunhæfan kost fjárhagslega fyrir nemendur sem kjósa þá leið. Áfram verði mögulegt að sækja um námslán til framfærslu en skólagjöld verði sambærileg við skráningargjald Háskóla Íslands eða lægri.

10. Aðalnámskrá framhaldsfræðslu

Í úttektarskýrslu mennta- og menningamálaráðuneytisins á framhaldsfræðslukerfinu (2014) er ítrekað fjallað um framhaldsfræðslukerfið sem fimmtu stoð menntakerfis okkar. Bent er á mikilvægi þess að tryggja að framhaldsskólakerfið og framhaldsfræðslukerfið vinni sem best saman og huga þurfi að formlegum samræmdum reglum um mat á námi á milli kerfa.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út aðalnámskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem byggðar eru á lögum frá 2008. Ekki er gefin út samsvarandi námskrá fyrir framhaldsfræðslu og í lögum um framhaldsfræðslu frá 2010 er ekki fjallað um námskrár í sama skilningi og gert er í lögum um framangreind skólastig. Í 6. grein laganna er hins vegar fjallað um „vottun námskráa eða námslýsinga“ og tekið fram að í vottun ráðherra, eða aðila sem hann feli það verkefni, felist staðfesting á að námið uppfylli almennar kröfur um skipulag og gæði kennslu, ásamt þeim sértæku kröfum sem gera má hverju sinni með tilliti til inntaks náms. Í lögunum virðast hugtökin *námskrá* og *námslýsing* lögð að jöfnu og hugtakið námskrá hefur aðra merkingu en í aðalnámskrám fyrir önnur skólastig¹⁵.

Í stað aðalnámskrár fyrir framhaldsfræðslu eru gefin út *Viðmið um gerð námskráa í framhaldsfræðslu* (2013)¹⁶. Í þeim segir að námskrá sé skilgreind sem námstilboð sem samanstandi af einum eða fleiri námsþáttum og feli í sér að lágmarki 40 klukkustunda vinnu námsmanns, í og utan kennslustunda. Viðmiðunum er ætlað að nýtast fræðsluaðilum við námskrárgerð og eiga að vera til hliðsjónar við staðfestingu þeirra.

Í aðalnámskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla segir að námskráin sé „rammi um skólastarf og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögum um skólastigin. Aðalnámskrá er ætluð stjórnendum skóla, kennurum

¹⁵ Þetta má einnig sjá í því að innan framhaldsfræðslunnar er viðtekin hefð að skrifa orðið námskrá á annan hátt en á öðrum skólastigum, þ.e. námskrá.

¹⁶ <http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Vidmid-um-gerd-namskraa-i-framhaldsfræðslu.pdf>

og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veitir hún nemendum, foreldrum þeirra, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Í námskránum birtist menntastefna sem hefur það meginmarkmið að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Kjarni menntastefnunnar er settur saman úr sex grunnþáttum: læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.“

Til þess draga fram mikilvægi framhaldsfræðslunnar sem fimmtu stoðar menntakerfisins er þörf á sameiginlegum skilningi allra skólastiga á hugtökunum *námskrá* og *námslýsing*. Aðalnámskrá framhaldsfræðslu ætti hafa sama tilgang og aðrar aðalnámskrár; vera byggð á lögum um skólastigið, birta heildarsýn og útfæra þá menntastefnu sem framhaldsfræðslukerfinu er ætlað að hafa. Í henni ætti að fjalla um grunnþætti og hæfniprep, kennsluhætti, námsmat og almenn markmið og jafnvel leiðbeiningar um gerð námslýsinga. Með því að gefa út samsvarandi námskrá fyrir framhaldsfræðslukerfið og önnur skólastig má m.a. draga úr þeirri gjá sem er á milli þessara kerfa. Aðalnámskrá myndi jafnframt einfalda skráningu námslýsinga (námskrá) í námskrárgrunn og einfalda ferli við vottun.

Ekki fer fram samræmt eða miðlægt mat á framgangi nemenda í kjölfar náms innan framhaldsfræðslukerfisins þótt víða fari fram formlegt samstarf milli framhaldsskóla og einstakra fræðsluaðila um námsmat. Það er þó ekki algilt og hver framhaldsskóli metur nám einstaklinga sjálfstætt. Nám samkvæmt námskrá framhaldsfræðslukerfisins er því ekki metið eins hjá öllum framhaldsskólum landsins. Fræðsluaðilar hafa kallað eftir formlegum samræmdum reglum um mat á námi á milli kerfa. Aðalnámskrá framhaldsfræðslu getur verið liður í slíku mati. Loks má nefna í aðalnámskrá framhaldsfræðslunnar væri hægt að skilgreina ákveðin námslok innan framhaldsfræðslunnar þar sem við á og tengja þau þannig betur við hæfnirammann.

Aðalnámskrá hefur reglugerðarígildi og myndar ramma um starfsemina. Mikilvægt er að fulltrúar sem flestra komi að því að semja aðalnámskrár, má þar nefna Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fræðsluaðilar framhaldsfræðslunnar og samtök launafólks og atvinnurekenda, auk mennta- og menningarmálaráðuneytis og Námsmatsstofnunar.

Ekki má gleyma að með því að formgera og reglubinda framhaldsfræðslukerfið er hætta á að kostir þess, s.s. sveigjanleiki og áherslur á þarfir einstaklingsins, fái minna vægi. Því er mikilvægt að gæta að þessum sérkennum framhaldsfræðslunnar við allar kerfisbreytingar.

Tillögur að úrbótum:

1. Stofnaður verði vinnuhópur með það að markmiði að semja aðalnámskrá framhaldsfræðslu.
2. Skilgreind verði hugtökin *námskrá*, *námsbraut* og *námslýsing* og þau samræmd við þá merkingu sem lögð er í hugtökin á öðrum skólastigum.
3. Mörkuð verði skýr stefna um mat á námi milli kerfa og komið upp samræmdu skráningarkerfi í miðlægan grunn á sama hátt og gert er í framhaldsskólum.
4. Skilgreind verði ákveðin námslok í framhaldsfræðslunni þar sem það á við.

11. Lokaorð

Eins og fram kemur í inngangi þessarar skýrslu er hér litið svo á að framhaldsfræðsla sé einn þáttur eða hluti fullorðinsfræðslu. Verkefnahópurinn ákvað að afmarka þessa umfjöllun við framhaldsfræðsluna, bæði í ljósi þess tímaramma sem honum var settur til að vinna verkefnið og einnig vegna þess að sá hluti fullorðinsfræðslunnar er fjármagnaður af opinberum fjármunum. Í skýrslunni eru reifaðir helstu þættir og skipulag framhaldsfræðslunnar, farið yfir grunnþjónustubætti hennar og lagaumgjörðin rýnd út frá framkvæmd og framtíðarhugmyndum um breytingar. Verkefnahópurinn telur að framhaldsfræðslukerfið, eins og það er skilgreint í kafla 3, byggji á traustum grunni, vinni almennt vel að þeim markmiðum sem því hefur verið sett og að tryggja þurfi áfram meginvirkni og innviði kerfisins.

Tillögur hópsins að úrbótum snúa að eftirfarandi fimm þáttum:

- 1) Grunnþjónustubáttum framhaldsfræðslunnar
- 2) Fjármagnspörf
- 3) Gæðamálum
- 4) Aldursmörkum markhóps framhaldsfræðslunnar
- 5) Aðalnámskrá framhaldsfræðslunnar

Í samantektinni í upphafi skýrslunnar eru dregnar fram helstu tillögur og í lok hvers kafla, þar sem fjallað er um ofangreinda fimm þætti, er fjallað nánar um tillögurnar. Að lokum leggur verkefnahópurinn til fimm ára áætlun um frekari uppbyggingu og þróun á framhaldsfræðslukerfinu.

Verkefnahópurinn vill þakka sérstaklega framkvæmdastjóra Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fyrir að vera hópnum innan handar við öflun ýmiss konar gagna um framhaldsfræðsluna. Auk þeirra gagna var stuðst við fjöldann allan af skýrslum og úttektum sem vísað er í.

12. Heimildir

1. Samfélagsleg markmið – velferð, þekking færni:
<http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/samfelagsmarkmid/>
2. Hvítbók um umbætur í menntun:
<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8048>
3. Úttekt á framhaldsfræðslukerfinu 2009–2013, Capacent:
<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8051>
4. Lög nr. 27/2010: <http://www.althingi.is/altext/stjt/2010.027.html>
5. Skýrsla Ríkisendurskoðunar til Alþingis um samninga um símenntunarmiðstöðvar júní 2014:
http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/Samningar_um_simenntunarstl.pdf
6. Brotthvarf haustið 2014, Námsmatsstofnun mars 2015:
<http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir2014/brotthvarsskyrsla-haust-2014.pdf>
7. Samantekt frá stefnumótunarvinnu Fræðslusjóðs mars 2015
8. Samantekt frá fundi Fræðsluaðila með Fræðslusjóði febrúar 2015
9. Umbótaáætlun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Fræðslusjóðs, 2014
10. Notendakönnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins febrúar–mars 2014, Capacent
11. Viðhorf til þátttöku í námi á fullorðinsárum, Menntavísindasvið nóvember 2014
12. Svar við fyrirspurn frá Alþingi, þingskjal 533 – 235. mál, 144. löggjafarþing 2014–2015:
<http://www.althingi.is/altext/144/s/0533.html>
13. Svar við fyrirspurn frá Alþingi, þingskjal 593 – 230. mál, 144. löggjafarþing 2014–2015:
<http://www.althingi.is/altext/144/s/0593.html>
14. Ársskýrsla Fræðslusjóðs 2014: <http://frae.is/media/69503/arsskyrsla-Fraedslusjods-2014.pdf>
15. Ársrit mennta- og menningarmálaráðuneytisins 2014:
<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8274>

13. Viðaukar

- Viðauki A:** Útreikningur á fjármagnspörf framhaldsfræðslunnar miðað við markmið 2020 sóknar-áætlunarinnar.
- Viðauki B:** Áætluð fjármagnspörf næstu fimm árin miðað við framlagða aðgerðaráætlun.
- Viðauki C:** Námsleiðir í boði í dag sem úrræði í aðfaranámi til háskóla.
- Viðauki D:** Fimm stoðir menntakerfisins.

Viðauki A:

Útreikningur á fjármagnspörf framhaldsfræðslunnar miðað við markmið 2020 sóknaráætlunarinnar

Hveð þurfa 22 þús manns mikið nám?		Einingar*		Verð/vottað	verð/raunfærnim	Samtals
Eru 50 einingar nóg?		50		14.558	8.700	
Námsleiðir	16.524 manns eru með 10 einingar að meðaltali	40		9.622.276.295		
Raunfærnimat	2.020 eru með 26 einingar að meðaltali	24		705.847.040		
	3.438 hafa ekkert	50		1.000.935.106	897.252.585	
31185	21.982	20/30		11.329.058.441	897.252.585	12.226.311.026
Ráðgjöf						
	Fj. Viðtala					
18.544	3			606.396.996		
3.438	6				224.828.809	831.225.804
						13.057.536.830
Eru 80 einingar nóg?						
		80*		14.558	8.700	
16.524	manns eru með 10 einingar að meðaltali	35/35	70	8.419.491.758	5.031.568.780	
2.020	eru með 26 einingar að meðaltali	54/0	54	1.588.155.841		
3.438	hafa ekkert	40/40	80	2.001.870.211	1.196.336.780	
31185	21.982			12.009.517.810	6.227.905.559	18.237.423.369
Ráðgjöf						
18.544	3			606.396.996		
3.438	6				224.828.809	831.225.804
						19.068.649.174

Áætluð fjármagnspörf		Núverandi	Merkmið 2020 néð		
	Fjöldi ára	Fjárfrelög til 10 ára	Fjármagnspörf miðað við markmið 2020	miðað við óbreytt fjárfrelög	
Fræðslusjóður hefur á ári	731.000.000	10	50 ein. 7.310.000.000	13.057.536.830	20 ár
			80 ein. 7.310.000.000	19.068.649.174	30 ár

* Útreikningar taka mið af núverandi framhaldsskólæiningum en ekki FEIN. 50 ein. samsvarar 86 FEIN og 80 ein. samsvarar 137 FEIN.

Viðauki B:

Áætlun fjármagnsþörf næstu 5 árin miðað við framlagða aðgerðaráætlun

	Fjármagns- þörf	Fjármagnað í dag	Viðbótar fjármagnsþörf	Skýring
Náms- og starfsráðgjöf þ.m.t. vegna raunfærnimats	1.400.000.000	600.000.000	800.000.000	4.000 einstaklingar fara í að meðaltali 5 viðtöl á ári næstu 5 árin. Ljúka við gerð starfslýsinga og setja inn á veffinn. Setja inn námslýsinga/þjálfun á veffinn. Þróa veðráðgjöf og prófa. Þróa gagnvirk tækni/kannanir og prófa. Útbúa skimunarlista og upplýsingar um raunfærnimat. Vinna sem nær yfir 2 ár.
Næstu skref - þróun	68.000.000	0	68.000.000	
Næstu skref - rekstur og viðhald	60.000.000	0	60.000.000	Tæknivinna og útlitshönnun. Rekstur, þróun og kynning á vefnum næstu 5 árin. Hæfnigreining starfa, þróa námskrár, endurskoða námskrár út frá hæfniramma og setja í námskrágrunn.
Vottaðar námsleiðir - þróun	70.000.000	10.000.000	60.000.000	
Vottaðar námsleiðir - framboð	5.000.000.000	2.500.000.000	2.500.000.000	Eftirspurn eftir námsleiðum í boði eykst með auknu framboði. Útfæra verklagsreglur varðandi samstarf um raunfærnimat, útfæra og reynslu keyra raunfærnimat á mót viðmiðum og námsleiðum.
Raunfærnimat - þróun	309.500.000	0	309.500.000	
Raunfærnimat - framboð	2.200.000.000	625.000.000	1.575.000.000	Eftirspurn eftir raunfærnimati í boði eykst með auknu framboði.
	9.107.500.000	3.735.000.000	5.372.500.000	
Aukið framlag til Fræðslusjóðs			4.875.000.000	
Aukið framlag til þróunar til FA			497.500.000	

*FA: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Námsleiðir í boði vorið 2015 sem úrræði í aðfaranámi til háskóla.



Viðauki D:

Fimm stoðir menntakerfisins.

